



AÐALSKIPULAG RANGÁRÞINGS EYSTRÁ 2020-2032

Miðeyjarhólmur – nýtt skógræktarsvæði

16.09.2024

Br. 31.07.2025



SAMÞYKKTIR

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið samkvæmt 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum, var samþykkt af sveitarstjórn Rangárbings eystra þann _____



9. Okt 2025

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest af Skipulagsstofnun þann 25. Nóvember 2025



SKIPULAGSFERLI

Lýsing aðalskipulagsbreytingar var auglýst frá: 29.05.2024 með athugasemdafresti til: 19.06.2024.

Aðalskipulagsbreytingin var auglýst frá: 14.12.24 með athugasemdafresti til: 29.01.25

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest með auglýsingu í B deild Stjórnartíðinda: _____.

AÐALSKIPULAGSBREYTING

SKJALALYKILL

104101-GRG-001-V04

HÖFUNDUR

MS/BRE

RÝNT

ÁJ/GAL

EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	4
1.1	Skipulagsgögn	4
2	FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR	4
2.1	Staðhættir	5
2.2	Fornminjar	6
2.3	Náttúruvá	6
3	TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR	6
3.1	Landsskipulagsstefna 2024-2038	6
3.2	Aðalskipulag Rangárbings eystra 2020-2032	6
3.3	Deiliskipulag	8
4	BREYTING Á AÐALSKIPULAGI	8
4.1	Breyting á uppdrætti	9
4.2	Breyting á greinargerð	9
5	UMHVERFISMATSSKÝRSLA	11
5.1	Umhverfispættir og áherslur	11
5.2	Valkostir og samanburður	12
5.3	Mat á umhverfisáhrifum	13
5.3.1	Niðurstaða	14
6	SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ	15
6.1	Umsagnaraðilar	15
6.2	Skipulagsferli	15
6.3	Breyting að lokinni auglýsingu	15

1 INNGANGUR

Gerð er breyting á Aðalskipulagi Rangárbings eystra 2020-2032 skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Svæðið sem breytingin nær til er Miðeyjarhólmur (landnr. 163884) þar sem gert er ráð fyrir að allt að 149,7 ha af landbúnaðarlandi verði skilgreint sem skógræktar- og landgræðslusvæði. Í gildi er deiliskipulag, sem gerir ráð fyrir uppbyggingu jarðarinnar til búskapar.

1.1 Skipulagsgögn

Gerð er breyting á greinargerð og sveitarfélagsuppdrætti. Skipulagsgögn eru eftirfarandi:

- Gildandi og breyttur aðalskipulagsuppdráttur 1:65.000.
- Greinargerð þessi.

2 FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR

Miðeyjarhólmur er í Austur-Landeyjum í Rangárbíngi eystra. Landareignin er ekki með skráða stærð hjá HMS en fyrirhugað er að landbúnaðarland L1 og að hluta L2, verði skilgreint sem skógræktar- og landgræðslusvæði. Markmið breytingarinnar er að auka útbreiðslu skóga og stuðla að bindingu gróðurhúsalofttegunda úr andrúmsloftinu.

Stefna sveitarfélagsins í aðalskipulagi er m.a. að forðast rask á landbúnaðarlandi en með tilliti til óskir landeiganda vill sveitarfélagið heimila breytinguna þrátt fyrir að svæðis sé flokkað sem landbúnaðarland í flokki L1. Horfa þarf til flokkunar landbúnaðarlands og þeirri aðferðarfræði sem þar liggur að baki. Stór hluti svæðisins er ekki úrvals landbúnaðarland sem ætti að nýta til ræktunar og því ekki um stórt samfellt ræktunarsvæði eða tún að ræða. Landið er á gömlum áreyrum og er norður hluti þess á fremur rýru landi og syðsti hluti þess fremur deiglent.

Þar að auki telur sveitarfélagið að talsverð útbreiðsla sé af úrvals ræktunarlandi í sveitarfélaginu og ólíklegt að umrædd breyting hafi afgerandi áhrif á framboð af ræktunarlandi. Hins vegar getur skógrækt á svæðinu verið skjólmyndandi fyrir nærliggjandi tún sem þegar eru nýtt til ræktunar og aukið notagildi þeirra. Þar að auki telur sveitarfélagið að með skógrækt sé hægt að vinna að markmiðum sveitarfélagsins og ríkistjórnar Íslands um kolefnisbindingu, verndun jarðvegs, aukinni líffræðilegri fjölbreytni og sjálfbærri landnýtingu. Æskilegt er að landbúnaðarland sé verndað m.a. vegna matvælaöryggis, en hafa ber í huga að þaulræktun á landi til kornræktar hefur í för með sér að land plægt/opnað árlega og við það tapast talsvert magn af kolefni úr jarðvegi.


Sveitarfélagið beinir til landeiganda að uppgræðsla skal vera áfangaskipt í samræmi við reglugerðir skógræktar- og landgræðslu og stefnu aðalskipulags. Æskilegt er að hefja skógrækt á svæði sem þykir hvað minnst hentugt til ræktunar – að norðan og sunnan verðu. Skógrækt getur skapað efnahagsleg verðmæti til lengri tíma og verið leið til að endurheimta vistkerfi á svæðum þar sem landbúnaður er ekki lengur arðbær. Landeigandi telur að svæðið og aðstæður, m.a. efnahagslegar, á landsvísu sé þess eðlis að hagstæðara sé að nýta landið til skógræktar og kolefnisbindingar fremur en

matvælaframleiðslu. Takmörkuð eftirspurn er eftir ræktunarlandi á svæðinu en talsvert framboð til staðar. Hins vegar sé talsverður samfélagslegur ávinningur fólgin í að heimila breytinguna, þar á meðal vegna loftslags- og umhverfismála.

2.1 Staðhættir

Svæðið er vel gróið sléttlendi og skv. Náttúrufræðistofnun er svæðið allt, líkt og Suðurlandsundirlendið, mikilvægt fuglasvæði þar sem m.a. ber að horfa til mófugla, þá t.a.m. Tjaldsins og Hrossagauksins og varpsvæða þeirra. Samkvæmt vistgerðarkortlagningu NÍ er að finna auravist, língresis- og vingulsvist og tún og akurlendi. að auki er svæðið á suðurlandsundirlendi sem NÍ skilgreinir sem mikilvægt fuglaverndarsvæði vegna mikils fuglalífs og mikilvægra varpsvæða. Svæðið nýtur ekki sérstakrar verndar svo sem hverfisverndar en er innan skilgreinds náttúruvæðis, sem betur er greint frá í kafla 3.3.

Aðkoma að fyrirhuguðu skógræktarsvæði er af Hólmabæjarvegi (251).



MYND 1. Fyrirhuguð skógrækt er gróflega afmörkuð innan rauðra fláka. Mynd frá Google maps.

2.2 Fornminjar

Fornminjaskráning hefur ekki verið lokið í Rangárþingi eystra, unnið er að aðalskráningu fornminja. Innan skipulagssvæðis eru tvennar minjar, garðlag (RA-109:016) og reiðleið (RA-621:007) gert er ráð fyrir 15 metra helgunarsvæði umhverfis þær í samræmi við 22. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

Finnist áður ókunnar minjar ber að tilkynna fundinn til Minjastofnunar svo fljótt sem auðið er skv. 24. gr. laganna.

2.3 Náttúruvá

Skipulagssvæðið er innan skilgreinds hættusvæðis vegna mögulegs jökulhlaups frá Mýrdalsjökli vegna eldgoss í Kötlu. Viðbragðsáætlun er í gildi innan sveitarfélagsins varðandi viðvaranir og upplýsingagjöf, ef hætta stafar af hlaupvatni og um mögulegar flóttaleiðir.

3 TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

3.1 Landsskipulagsstefna 2024-2038

Í Landsskipulagsstefnu er sett fram samræmd stefna ríkisins um skipulagsmál. Hún tekur til verndar og ráðstöfunar lands á hálendi Íslands, í þéttbýli og dreifbýli og sjálfbærri nýtingu haf- og strandsvæða. Landsskipulagsstefna byggir á þeirri framtíðarsýn í skipulagsmálum um „að skipulag stuðli að sjálfbærri þróun og lífsgæðum, styðji samkeppnishæfni og sveigjanleika og stuðli að viðnámsþrótti gagnvart samfélags og umhverfisbreytingum.“

Í skipulagi verði hugað að tækifærum til að stuðla að kolefnishlutleysi, bindingu gróðurhúsalofttegunda og auka seiglu samfélagsins gagnvart afleiðingum loftslagsbreytinga. Þar verði forgangsraðað svæðum þar sem unnt er að binda kolefni á hagkvæman hátt, umhverfisáhrif eru ásættanleg og ekki dregur úr líffræðilegri fjölbreytni þeirra. Við val á svæðum til bindingar kolefnis verði m.a. tekið mið af landnotkun, náttúrugæðum, líffræðilegri fjölbreytni, menningarminjum og náttúruvá.

3.2 Aðalskipulag Rangárþings eystra 2020-2032

Í aðalskipulaginu eru svæðið sem breytingin tekur til skilgreint sem landbúnaðarsvæði.

Landbúnaðarsvæði (L)

Landbúnaðarland hefur verið flokkað í sveitarfélaginu.

Jörðin er skilgreind sem L1 úrvals landbúnaðarland í aðalskipulagi og svæðið er að hluta til einnig skilgreint sem annað landbúnaðarland, L2. Í kafla 2.4.1 í aðalskipulaginu eru eftirfarandi markmið og heimildir fyrir landbúnaðarland:

- Halda skal í dreifbýlisýfirbragð í sveitarfélaginu, þ.e. ekki vera með samfellda byggð eða götummynd eða litlar samliggjandi lóðir.


- Unnið að stækkun náttúrulegra birkiskóga m.a. með beitarfriðun og plöntun í samræmi við Bonn-áskorun um endurheimt skóga.
- Forðast skal að raska góðu og samfelldu landbúnaðarlandi. Horfa skal til flokkunar landbúnaðarlands þegar skipta á landi upp til annarrar nýtingar.
- Hvatt er til að bændur og aðrir landnotendur vinni að kolefnishlutleysi og kolefnisjöfnun í sínum rekstri.

Skógræktar- og landgræðslusvæði (SL)

Skógræktar- og landgræðslusvæði er fyrir skógrækt og landgræðslu, svo sem nytjaskógrækt, fjölnytjaskógrækt, landbótaskógrækt, skjólbelti, landgræðsluskógrækt, skipulagða landgræðslu og aðra uppgræðslu.

Í kafla 2.4.2 í aðalskipulagi eru eftirfarandi skilmálar fyrir skógræktar og landgræðslusvæði:

- Skilgreina skal skógræktar- og landgræðslusvæði ef um er að ræða samfellda ræktun á 3 ha svæði eða stærra.
- Við skipulag skógræktar verði hugað að því að vernda landslag og ásýnd svæða og að skógur spilli ekki góðum útsýnisstöðum.
- Hefta skal útbreiðslu ágengra plöntutegunda.
- Áætlanir um skógrækt á samfelldum svæðum sem eru 3 ha eða stærri þar sem m.a. koma fram upplýsingar um afmörkun, tegundaval, tímaáætlanir og fornleifakönnun skulu lagðar fyrir sveitarstjórn til samþykktar. Á svæðum sem hafa sérkenni og eiginleika sem skógrækt getur spillt s.s. vegna náttúrufars, votlendis, auðlinda, útivistargildis, fornleifa og söguminja verði skógrækt að jafnaði takmörkuð eða óheimil óháð stærð svæðis.



MYND 2. Hluti Aðalskipulags Rangárbings eystra 2020-2032. Skipulagssvæðið er innan rauða hringsins.

Verndarsvæði

Svæðið liggur innan svæðis á náttúru-minjaskrá ÖN7, Tjarnir og Tjarnarnes (nr. 719) þar sem segir að austan verðu „*liggur svæðið um Markarfljót og að vestan um Ála. Gróður og dýralíf. Mólendi og votlendi, mikið fuglavarð.*“ Hluti ÖN7 er hverfisverndað (HV7) í aðalskipulagi vegna náttúrufars en sá Miðeyjarhólmi er utan þess hverfisverndarsvæðis.

3.3 Deiliskipulag

Í gildi er deiliskipulag staðfest í B deild í jan. 2024, fyrir stóran hluta svæðis, sem m.a. heimilar uppbygging í samræmi við stefnu aðalskipulags um landbúnaðarland. Ekki er talin þörf á breytingu deiliskipulags þótt svæði breytist í Skógræktar- og landgræðslusvæði.

4 BREYTING Á AÐALSKIPULAGI

Gerð er breyting á uppdrætti og greinargerð aðalskipulags.

Gert er ráð fyrir allt að 149,7 ha skógræktar- og landgræðslusvæði í landi Miðeyjarhólma.

4.1 Breyting á uppdrætti

149,7 ha skógræktarfláka er bætt við á sveitarfélagsuppdrátt. Landbúnaðarland L1 og L2 minnkar sem um nemur.

4.2 Breyting á greinargerð

Bætt er við í töflu 8 um skógræktar- og landgræðslusvæði í gildandi greinargerð:

TAFLA 8. Breyting á gildandi greinargerð.

AUÐKENNI	HEITI	STÆRÐ HA	LÝSING OG SKILMÁLAR
SL17	Miðeyjarhólmur	105,6	Landgræðsluskógrækt. Sækja skal um framkvæmdaleyfi, þar sem m.a. skal gera grein fyrir áfangaskiptingu uppgræðslunnar og leitast skal við að planta í rýrari hluta lands og haga skógrækt þannig að hún veiti skjól, m.a. til að auka uppskeru á úrvals landbúnaðarlandi. Heimiluð er uppbygging innan svæðis í samræmi við almenna skilmála landbúnaðarlands. Í gildi er deiliskipulag fyrir svæðið.

Breytingar eru gerðar á stærð landbúnaðarlands í gildandi greinargerð:

TAFLA 7. Stærð í gildandi greinargerð

AUÐKENNI	HEITI	SKILMÁLAR	
L1	Úrvals landbúnaðarland með takmörkuðum byggingarheimildum	Land sem er skilgreint sem úrvals landbúnaðarland (flokkur I. skv. kortlagningu) sléttlendi, frjósamur og nær grjótleið. - Ekki er heimilt að rjúfa samfellu á góðu landbúnaðarlandi með mannvirkjum eða samfelldri skógrækt. - Byggja skal í tengslum við núverandi bæjartorfur en í einhverjum tilfellum getur mannvirkjagerð verið heimil í jaðri svæða. - Afturkræfar framkvæmdir eru heimilaðar, s.s. íþróttarsvæði, tjaldsvæði, golfvelli o.fl. þar sem ekki er um varanleg mannvirki að ræða. Það verðir skoðað í hverju tilfelli fyrir sig m.t.t. líklegra áhrifa á nýtingu lands til matvælaframleiðslu og eftir atvikum skal breyta landnotkun viðkomandi svæða sé um umfangsmikla starfsemi að ræða. - Framkvæmdir í almannapágu, s.s. veitur og vegagerð er heimil. Heimilt er að planta skjólbeltum og trjálundum, m.a. við bæjartorfur og akra.	48,899,6
L2	Annað landbúnaðarland	Land sem er skilgreint sem landbúnaðarland í flokki II-IV (sbr. kortlagningu). Land að hluta til ágætt til akuryrkju, einkum land í flokki II sbr. kortlagningu. - Forðast skal að raska samfellu í góðu ræktunarlendi með mannvirkjagerð. Heimilt er að byggja upp til fastrar búsetu, landbúnaðarstarfsemi og minniháttar atvinnustarfsemi. - Svæðið hentar oft vel til landgræðslu og skógræktar, frístunda- og útiveru og til landbúnaðar. Halli o.fl. getur takmarkað ræktunarmöguleika.	19,454,0

TAFLA 7. Stærð í breyttri greinargerð

AUÐKENNI	HEITI	SKILMÁLAR	
L1	Úrvals landbúnaðarland með takmörkuðum byggingarheimildum	Land sem er skilgreint sem úrvals landbúnaðarland (flokkur I. skv. kortlagningu) sléttlendi, frjósamur og nær grjótlaust. • Ekki er heimilt að rjúfa samfellu á góðu landbúnaðarlandi með mannvirkjum eða samfelldri skógrækt. • Byggja skal í tengslum við núverandi bæjartorfur en í einhverjum tilfellum getur mannvirkjagerð verið heimil í jaðri svæða. • Afturkræfar framkvæmdir eru heimilaðar, s.s. íþróttarsvæði, tjaldsvæði, golfvöllir o.fl. þar sem ekki er um varanleg mannvirki að ræða. Það verðir skoðað í hverju tilfelli fyrir sig m.t.t. líklegra áhrifa á nýtingu lands til matvælaframleiðslu og eftir atvikum skal breyta landnotkun viðkomandi svæða sé um umfangsmikla starfsemi að ræða. • Framkvæmdir í almannabágu, s.s. veitur og vegagerð er heimil. Heimilt er að planta skjólbeltum og trjálundum, m.a. við bæjartorfur og akra.	48,773,2
L2	Annað landbúnaðarland	Land sem er skilgreint sem landbúnaðarland í flokki II-IV (sbr. kortlagningu). Land að hluta til ágætt til akuryrkju, einkum land í flokki II sbr. kortlagningu. • Forðast skal að raska samfellu í góðu ræktunarlandi með mannvirkjagerð. Heimilt er að byggja upp til fastrar búsetu, landbúnaðarstarfsemi og minniháttar atvinnustarfsemi. • Svæðið hentar oft vel til landgræðslu og skógræktar, frístunda- og útiveru og til landbúnaðar. Halli o.fl. getur takmarkað ræktunarmöguleika.	19.452,6

5 UMHVERFISMATSSKÝRSLA

Breyting aðalskipulags fellur undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Meta skal líkleg áhrif af fyrirhuguðum framkvæmdum og starfsemi á aðliggjandi svæði og einstaka þætti áætlunarinnar sjálfrar, eftir því sem við á, skv. skipulagsreglugerð nr. 90/2013. Matinu er ætlað að upplýsa um möguleg áhrif af stefnu skipulagsins og finna leiðir til að draga úr mögulegum neikvæðum umhverfisáhrifum.

5.1 Umhverfisþættir og áherslur

TAFLA. Umhverfisþættir, viðmið og matsspurningar.

UMHVERFISÞÁTTUR	UMHVERFISVIÐMIÐ	MATSSPURNINGAR
Land og landslag <i>Landslag.</i> <i>Jarðvegur –</i> <i>jarðvegsrof.</i> <i>Ásýnd og sjónræn áhrif.</i>	<i>Landsskipulagsstefna 2024-2038.</i> - Skipulag miði að því að varðveita fjölbreytt og verðmætt landslag, svo sem óbyggð víðerni og landslagsheildir. - Skipulag stuðli að möguleikum á fjölbreyttri og hagkvæmri nýtingu landbúnaðarlands í sátt við umhverfið og stuðli að auknu fæðuöryggi þjóðarinnar. <i>Aðgerðaáætlun í landgræðslu og skógrækt 2022-2031.</i> - Skógrækt stuðli að auknum umhverfisgæðum á borð við jarðvegsvernd. - Val á landi til skógræktar taki tillit til landslags. - Forðast skal að raska góðu landbúnaðarlandi. <i>5. gr. Jarðalaga nr. 81/2004.</i> - Vernd landbúnaðarlands með það markmið að tryggja fæðuöryggi til framtíðar. <i>Aðalskipulagi Rangárbings eystra 2020-2032.</i> - Vernda skal landslag og ásýnd svæða og að skógur spilli ekki góðum útsýnisstöðum. <i>Lög um skóga og skógrækt nr. 33/2019.</i> - Stuðla að verndun jarðvegs og draga úr hugsanlegu tjóni vegna náttúruvár.	Hefur stefnan áhrif á landslag og náttúrulegt yfirbragð svæðisins? Hefur stefnan áhrif á ásýnd svæðis? Hefur stefnan áhrif á jarðveg?
Gróður og dýr <i>Gróðurlendi og vistkerfi</i> <i>Fuglaverndun.</i>	<i>Aðgerðaáætlun í landgræðslu og skógrækt 2022-2031.</i> - Að landnýting tekur mið af ástandi og getu vistkerfa. <i>Aðalskipulagi Rangárbings eystra 2020-2032.</i> - Landgræðsla, friðun og plöntun birkis og annarra tegunda er heimil til kolefnisbindingar og endurheimt skóga. <i>Vistgerðakortlagning Náttúrufræðistofnunar Íslands.</i> - VOT S-3 mikilvægt fuglaverndarsvæði. <i>Lög um skóga og skógrækt nr. 33/2019.</i> - Að vernda og endurheimta líffræðilega fjölbreytni.	Hefur stefnan áhrif á gróður og vistkerfi og þá mögulega kolefnisbindingu? Hefur stefnan áhrif á búsvæði fugla s.s. varplönd?
Loft <i>Losun</i> <i>gróðurhúsalofttegunda.</i>	<i>Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum.</i> - Efla skógrækt, vernda og auka kolefnisforða vistkerfa. <i>Aðgerðaáætlun í landgræðslu og skógrækt 2022-2031.</i> - Að rækta skóga með mikla getu til kolefnisbindingar. <i>Aðalskipulagi Rangárbings eystra 2020-2032.</i> - Skógrækt verði nýtt til bindingar kolefnis. <i>Lög um skóga og skógrækt nr. 33/2019.</i> - Stuðla að kolefnisbindingu með ræktun skóga og aðlögun þeirra að loftslagsbreytingum.	Hefur stefnan áhrif á bindingu kolefnis? Hefur stefnan áhrif á hættu á gróðureldum?

UMHVERFISÞÁTTUR	UMHVERFISVIÐMIÐ	MATSSPURNINGAR
Samfélag Atvinnulíf. Útivistarmöguleikar. Öryggi.	<i>Aðgerðaáætlun í landgræðslu og skógrækt 2022-2031.</i> - Efla hlutverk skóga í að stuðla að útivist. - Aukin landgæði í skógum styðja við bætt lífsgæði, lýðheilsu og þróun byggða. - Að vinna að auknu verðmæti skógarafurða. - Efla hlutverk skóga í að stuðla að útivist. - Að landnýting styðji við atvinnu og byggð. <i>Aðalskipulagi Rangárþings eystra 2020-2032.</i> - Stuðla að fjölbreyttu og öflugu atvinnulífi. - Að skógrækt og skjólbelti verði nýtt til að bæta búsetuskilyrði, ræktunarmöguleika og til að mynda skjól og verði eflid til útivistar. <i>Lög um skóga og skógrækt nr. 33/2019.</i> - Auðvelda aðgengi til útivistar og auka þekkingu á málefnum skógræktar. - Nýting skóga skal vera sjálfbær og skila þannig sem mestum ávinningi til samfélagsins, þ.e.a.s hagrænum, umhverfislegum og félagslegum ávinning.	Hefur stefnan áhrif á atvinnu-tækifæri? Hefur stefnan áhrif á útivistarmöguleika?
Náttúru- og menningarminjar Friðlýst svæði eða svæði á náttúruminjasrá. Fornminjar.	<i>Stefna í aðalskipulagi Rangárþingi eystra 2020-2032.</i> Leitast verður við að varðveita sögu-, náttúru- og menningarminjar. <i>Náttúruminjasrá.</i> <i>Aðalskráning fornminja.</i>	Hefur stefnan áhrif á verndarsvæði? Hefur stefnan áhrif á náttúru- og menningarminjar?

5.2 Valkostir og samanburður

Í umhverfismati áætlana skal fjalla um svokallaðan núll-kost og bera stefnu skipulagsins saman við hann, eftir því sem við á. Núll kostur „felur í sér lýsingu á ástandi umhverfisins eins og búast má við að það þróist ef ekki verður til framfylgdar áætlanarinnar. Í einhverjum tilfellum getur samanburður við núll-kostinn falist í samanburði við framfylgd gildandi áætlunar“.

Bornir verða saman eftirfarandi valkostir:

Valkostur 1. Skógrækt verður á skipulögðu svæði Miðeyjarhólma.

Gert er ráð fyrir allt að 149,7 ha skógræktar- og landgræðslusvæði í landi Miðeyjarhólma.

Valkostur 2. Skógrækt verður á skilgreindu L2 svæði innan landareignar Miðeyjarhólma.

Gert er ráð fyrir að skógrækt verði á L2 svæði innan landareignar Miðeyjarhólma.

Núll kostur. Gildandi aðalskipulag.

Svæðið verður áfram skilgreint sem landbúnaðarland.

5.3 Mat á umhverfisáhrifum

VALKOSTUR 1:

Áhrif á land og landslag er neikvæð. Ásýnd svæðis á eftir að breytast þar sem Landeyjar eru fremur sléttlendar og trjágróður mun breiðast út á landbúnaðarsvæði.

Áhrif á gróður og dýr er neikvæð. Uppgræðsla kemur mögulega til með að hafa neikvæð áhrif á búsvæði dýra, þá sérstaklega spör- og mófugla.

Áhrif á loft er jákvæð. Skógrækt og uppgræðsla leiðir til jarðvegsmyndunar og hefur jákvæð áhrif á kolefnisbindingu, en veitir einnig skjól og kemur í veg fyrir jarðvegsrof. Skógrækt styður við aðgerðir stjórnvalda í loftslagsmálum.

Áhrif á samfélag er jákvæð. Uppbygging skógræktar hefur í för með sér umhverfislegan, hagrænan og félagslegan ávinning. Skógrækt er bæði tekju- og atvinnuskapandi fyrir landeiganda.

Áhrif á náttúru- og menningarminjum er óveruleg. Tvennar minjar eru á svæðinu, gert er ráð fyrir 15 metra helgunarsvæði umhverfis þær.

VALKOSTUR 2:

Áhrif á land og landslag er óveruleg. Ásýnd svæðis á eftir að breytast þar sem Landeyjar eru fremur sléttlendar og er L2 svæðið í mikilli nálægð við Suðurlandsveg (1).

Áhrif á gróður og dýr er óveruleg. Uppgræðsla kemur mögulega til með að hafa neikvæð áhrif á búsvæði dýra, þá sérstaklega spör- og mófugla.

Áhrif á loft er óveruleg/jákvæð. Skógrækt og uppgræðsla leiðir til jarðvegsmyndunar og hefur jákvæð áhrif á kolefnisbindingu, en veitir einnig skjól og kemur í veg fyrir jarðvegsrof. Skógrækt styður við aðgerðir stjórnvalda í loftslagsmálum.

Áhrif á samfélag er óveruleg/jákvæð. Uppbygging skógræktar hefur umhverfislegan, hagrænan og félagslegan ávinning, þar sem skógrækt er bæði tekju- og atvinnuskapandi fyrir landeiganda. En L2 svæðið innan landareignarinnar er ekki nógu stórt til að það stuðli að ávinningi.

Áhrif á náttúru- og menningarminjar er óveruleg. Tvennar minjar eru á svæðinu, gert er ráð fyrir 15 metra helgunarsvæði umhverfis þær.

GILDANDI SKIPULAG:

Áhrif á land og landslag, gróður og dýr er óveruleg. Engin breyting.

Áhrif á loft og samfélag er óveruleg. Engin breyting.

Áhrif á náttúru- og menningarminjar er óveruleg. Engin breyting. Tvennar minjar eru á svæðinu, gert er ráð fyrir 15 metra helgunarsvæði umhverfis þær.

5.3.1 Niðurstaða

Sveitarfélagið er hlynnt breytingunni þar sem fyrirhugað er að græða upp land sem er að hluta til aurland sem nýtist misvel til ræktunar. Fyrir liggur skipulag, sem gerir ráð fyrir uppbyggingu jarðarinnar. Uppgræðsla leiðir til hraðari jarðvegsmyndunar og útbreiðslu skóglendis sem væntanlega eykur bindingu kolefnis en samhliða breytist vistkerfi svæðisins. Aukin skógrækt mun hafa áhrif á búsvæði mófugla, þá sérstaklega vaðfugla, þar sem þéttleiki þeirra er lægri í skógi og annars konar fuglalíf og vistgerðir fylgja skógarsvæðum. Þrátt fyrir 5. gr. Jarðlaga nr. 81/2004 þá vill sveitarfélagið samt sem áður heimila breytingu landnotkunar þar sem takmörkuð eftirspurn er eftir landi til kornræktar en almennt má ætla að hægt sé að endurheimta land úr skógrækt, síðar meir, verði þörf á þessu svæði til matvælaframleiðslu. Þá hefur skógrækt í för með sér umhverfis-, samfélags- og hagrænan ávinning, s.s. til loftslagsmála.

Skógar mynda gott skjól og eflir ræktunarmöguleika og uppskeru á svæðum í kring og eru skógar einnig kjörnir til útivistar. Umfang skógræktar mun væntanlega hafa tekjuaukandi og atvinnuskapandi möguleika innan sveitarfélags, tekjur skapast hjá landeigendum og rýrt svæði verður um leið grætt upp.

Stefna skipulagsins er í samræmi við stefnu stjórnvalda í loftslagsmálum og samræmist aðgerðaráætlun landgræðslu og skógræktar.

6 SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ

Skipulagslýsing var kynnt í maí til júní 2024. Umsagnir bárust frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Umhverfisstofnun, Náttúrufræðistofnun Íslands, Veðurstofu Íslands og Vegagerðinni.

6.1 Umsagnaraðilar

Óskað var eftir umsögnum frá eftirtöldum aðilum:

- Skipulagsstofnun
- Minjastofnun Íslands
- Umhverfisstofnun
- Land og Skógur
- RML

6.2 Skipulagsferli




6.3 Breyting að lokinni auglýsingu

Skerpt var á texta varðandi uppgræðsluáætlun og áfangaskiptingu í kafla 4.2 og 5.3.1. og umfjöllun um skilgreind verndarsvæði (kafla 3.2.). Í samræmi við umsögn Skipulagsstofnunar fyrir staðfestingu var skerpt á forsendum breytingar í kafla 2 og svæðið minnkað talsvert, m.a. til að minnka áhrif á úrvals landbúnaðarland. Mál tekið aftur fyrir í sveitarstjórn.

Aðalskipulag Rangárþings eystra 2020-2032

Breyting aðalskipulags - Miðeyjarhólmur



GILDANDI AÐALSKIPULAGSUPPDRÁTTUR

Skýringar

- Svæði sem breytingin nær til
- Bær
- Efnistöku- og efnislosunarsvæði
- Samfélagsþjónusta
- Verslun- og þjónusta
- Íbúðarbyggð
- Minjavernd
- Hæðarlínur
- Ljósleiðari
- Rafveita, jarðstrengur
- Vatnsveita
- Hverfisvernd
- Náttúruvá
- Göngu- og hjólréiðaleið
- Reiðleið
- Stofnvegur/stofnbraut
- Tengivegur/tengibraut
- Aðrir vegir og götur
- Landbúnaðarsvæði
- Skógræktar- og landgræðslusvæði
- Strandsvæði
- Vötn, ár og sjór

Skipulagsgögn:

Uppdráttur þessi með greinargerð.



Breyting aðalskipulags
Miðeyjarhólmur

Verk: 104101
Unnið: GAL

Blaðstærð: A4
Rýnt: ÁJ/MS

Mælikvarði: 1:65.000
Breytt dags:

Dags: 16.09.2024

Breytt dags:

BREYTTUR AÐALSKIPULAGSUPPDRÁTTUR

